

LÖG**um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 40. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

2. gr.

42. gr. orðist svo:

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

Ríkissjóður leggi lyfsölusjóði til árlegt framlag skv. fjárlögum. Framlag þetta nemi sem næst 1% af áætluðu CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna.

Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal lagt á allar lyfjabúðir. Gjald þetta sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtist með því, svo sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Gjald þetta er lögtakskræft.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1982.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Stavarr Gestsson.

Nr. 89.

LÖG**um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980 hljóði svo:

Af verðjöfnunargjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal verja allt að 3% af seldri raforku á árinu 1982 til þess að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu vararafstöðva vegna rafmagnsskorts á s. l. vetri, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1982 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

31. desember 1981.